

USK Skipulag

Frá: Trausti Baldursson - NI <Trausti.Baldursson@ni.is>
Sent: miðvikudagur, 10. júní 2020 14:59
Til: ssh@ssh.is
Afrit: USK Skipulag; skipulag@kopavogur.is
Efni: Re: Beiðni um umsögn um verk- og matlýsingu aðalskipulagsbreytinga vegna Borgarlínu

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Tilvísun í málsnr. 202005-0034

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 19. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um verk- og matlýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2012-2024 og Reykjavíkurborgar 2010-2030.

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar um drög að matsáætlun fyrir Borgarlínu. Í umsögninni er komið inn á þau atriði sem varða hlutverk Náttúrufræðistofnunar um náttúrufar og náttúruvernd og þarf að skoða sérstaklega í sambandi við Borgarlínu og legu hennar og hugsanleg umhverfisáhrif. Umsögnin á jafnt fyrir mats- og skipulagsvinnu. Þar sem Borgarlínan mun fara í mat á umhverfisáhrifum mun væntanlegt skipulag fyrir línuna þurfa að byggja á niðurstöðum matsins og mun Náttúrufræðistofnun því koma að frekari athugasemdum ef þörf krefur í mati á umhverfisáhrifum og/eða við endanlegar skipulagstillögur eins og við á.

Meðfylgjandi er einnig umsögn Náttúrufræðistofnunar, dags. 22. janúar sl., sjá viðhengi, um matsskyldufyrirspurn vegna brúar yfir Fossvog en þar er sérstaklega bent á tengingu brúarinnar/p.m.t.. Borgarlínu við fyrirhugað skipulag nærliggjandi svæðis og hugmyndir um landfyllingar og eyðileggingu á fjörum á svæðinu.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 10. júní 2020 um drög að matsáætlun fyrir Borgarlínuna:

„Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 19. maí sl., þar sem kynnt eru drög að matsáætlun vegna Borgarlínu, Ártúnshöfði – Hamraborg þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands er gefin kostur á að gefa umsögn um áætlunina.

Samkvæmt 68. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er Náttúrufræðistofnun ekki lögbundinn umsagnaraðili um matsáætlanir og hefur Náttúrufræðistofnun því fyrst og fremst sinnt umsögnum um matsáætlanir þegar þær berast frá Skipulagsstofnun (forgangsroðun vegna skorts á mannafla), en Skipulagsstofnun hefur sérstaklega óskað eftir því að stofnunin gefi umsagnir um matsáætlanir. Náttúrufræðistofnun mun því veita endanlega umsögn um matsáætlun fyrir Borgarlínuna þegar hún berst frá Skipulagsstofnun.

Að framangreindu sögðu þá hefur Náttúrufræðistofnun lauslega litið yfir áætlunina og þá fyrst og fremst umfjöllun sem snýr að hlutverki stofnunarinnar en Borgarlínan er að stærstum hluta innan þéttbýlis og því að stórum hluta utan hlutverks Náttúrufræðistofnunar ef svo má að orði komast. Engu að síður er hlutar línunnar sem fara um mikilvægi svæði hvað varðar náttúruminjar s.s. Fossvog og Elliðaárvog og önnur svæði sem geta skipt máli fyrir lífríki innan þéttbýlis borgarinnar, s.s. um svæði við Tjörnina. Matsáætlunin eins og hún er nú í drögum virðist koma ágætlega inn á þessi atriði. Einnig er rétt að benda á að Náttúrufræðistofnun hefur í öðrum málum s.s. vegna þverunar Fossvogs með brú og nærliggjandi skipulagsáætlanir, komið inn á ýmis atriði sem þarf að mati stofnunarinnar að taka tillit til s.s. að eyðileggja ekki frekar náttúrulegar fjörur í Skerjafirði en þetta á einnig við um Elliðaárvog. Umræddar umsagnir eiga að vera aðgengilegar hjá skipulagsyfirköndum borgarinnar. Þar sem fyrirhugað er að Borgarlínan fari í mat á umhverfisáhrifum eru hér meðfylgjandi nokkrar almennar upplýsingar og ábendingar um náttúrufar og náttúruvernd, sem sumar eiga beint við um þau

svæði sem nefnd hafa verið hér að framan, en aðrar fjalla um ýmislegt sem taka þarf tillit til sbr. lög um náttúruvernd.

Almennar ábendingar og upplýsingar sem geta nýst við mat á umhverfisáhrifum eða skipulags fyrir Borgarlínu:

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, sem gilda einnig í hafi, er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við mat á umhverfisáhrifum er mikilvægt að skoða áhrif framkvæmda m.t.t. allra framangreindra lagagreina ef þær eiga við.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að finna má ýmsar upplýsingar um náttúru Íslands á heimasíðu stofnunarinnar www.ni.is þ.á.m. eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi (sérstaklega fjöruvistgerðir), http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>, og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi> og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf. Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/>. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Ná tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>. Finna má upplýsingar um aðferðafræði við mat á verndargildi og val á verndarsvæðum hér: <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>.

Einnig má finna upplýsingar um 61. gr. laga um náttúruvernd hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> og upplýsingar um jarðfræði Íslands hér: <https://jardfraedikort.ni.is/>.

Finna má upplýsingar um seli og selalátur hér: http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf og hér <http://selalatur.ni.is/>

Yfirlit yfir válista, plöntur og dýr, má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna. Mikilvægt er í mati á umhverfisáhrifum að fagleg og vísindaleg rök séu færð fyrir þeim niðurstöðum sem komist er að, t.d. hvað varðar áhrif á náttúru þeirra svæða sem Borgarlínan fer um, en ekki stuðst við órökstuddar ályktanir.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum þessa máls gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson

Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar
Náttúrufræðistofnun Íslands

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson

Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtssstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: "Samtök sv.félaga á hb.svæðinu" <ssh@ssh.is>

To: "Birgir H. Sigurðsson" <birgir@kopavogur.is>; "Haraldur Sigurðsson" <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>; "Jón Kjartan Ágústsson" <jon@ssh.is>; "Hrafnkell Proppé" <hrafnkell@borgarlinan.is>

CC:

Subject: Beiðni um umsögn um verk- og matlýsingu aðalskipulagsbreytinga vegna Borgarínu

Date: 19.5.2020 13:01:47

Ágæti viðtakandi

Eftirfarandi er beiðni um umsögn um verk- og matlýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2012-2024 og Reykjavíkurborgar 2010-2030. Breytingar felast í að staðsetja legu 1. lotu Borgarlínu milli Hamraborgar í Kópavogi og Ártúnshöfða í Reykjavík og staðsetja svokallaðar kjarnastöðvar Borgarlínu. Jafnframt er gerð grein fyrir breytingum á Sæbraut og Miklubraut í Reykjavík.

Verk- og matlýsing er aðgengileg á samradsgatt.island.is, kopavogur.is og adalskipulag.is.

Verk- og matlýsing er í kynningu til og með **9. júní 2020**. Athugasemdir og ábendingar verða að vera skriflegar. Hægt er að senda athugasemdir í samráðsgáttina, skipulag@reykjavik.is og skipulag@kopavogur.is. Þeir sem hafa þegar sent inn umsögn þurfa ekki að senda inn að nýju.

Hrafnkell Á. Proppé,



Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu



Til: "USK Skipulag" <skipulag@reykjavik.is>
Efni: Fw: Landfylling og brú yfir Fossvog - beiðni um umsögn
Upplýsingar: Sent: 22.01.2020 14:49:58 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2020010037, Málalyklar: 42-0 Umsagnir almennt

Tilvísun í mál: 2020010037

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar um framangreint erindi frá Skipulagsstofnun og varðar m.a. Reykjavíkurborg.

kveðja

Trausti Baldursson

Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Trausti Baldursson/NI.IS
Dags: 22.01.2020 13:28:54
Til: "Jakob Gunnarsson" <jakob@skipulag.is>
Afrit: "Egill Þórarinnsson" <Egill@skipulag.is>
Efni: Fw: Landfylling og brú yfir Fossvog - beiðni um umsögn

Tilvísun í mál: 2020010037

Vísað er til bréfs frá skipulagsstofnun, dags. 30. desember 2019, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um landfyllingu og brú yfir Fossvog og hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum og þá hverjar forsendur væru fyrir því.

Staðsetning brúar yfir Fossvog er á milli tveggja landfyllinga sem hafa á síðustu áratugum þrengt mynni vogsins úr 570 metrum í 340 metra. Brú yfir voginn og landfyllingar sem tengjast henni munu því ekki rýra náttúrulegar strendur, beggja vegna Fossvogs, frekar en þegar er orðið. Kýrhamar virðist ekki vera innan framkvæmdasvæðisins en rétt við það. Kýrhamar er um 300 m frá náttúruvættinu (Fossvogsbakkar). Þar er jökulberg neðst svo kemur 5-6 m þykkt setlag. Neðst hvarfleir, þá lag af lítið lagskiptum dökkum sandi með miklu af skeljaleifum (t.d. smyrslingur, halloka og hrúðurkarl) og loks ljósari lagskiptur sandur með mól og einhverjum skeljaleifum. Nokkur skeljasýni úr Kýrhamri hafa verið aldursgreind (kolefnisgreiningar) og reyndust þau vera um 11.000 ára. (Sjá Árni Hjartarson 1989. The Ages of the Fossvogur Layers and the Álfanes End-Moraine, SW-Iceland. Jökull 39, 21-29.) Þó Kýrhamar sé ekki innan náttúruvættisins þá hefur hann fræðslu og vísindagildi og ætti tvímælalaust að halda þessu svæði öröskuðu.

Í tilkynningunni er komið inn á að flugvöllurinn víki fyrir byggð og m.a. er undirbúningur hafinn að stækkun hverfisins í Skerjafirði þar sem gert er ráð fyrir u.þ.b. 1200 nýjum íbúðum ásamt þjónustustarfsemi. Í þessu sambandi hafa m.a. verið kynntar hugmyndir um að gera landfyllingu vestan við flugvöllinn og veltengingu að fyrirhugaðri brú. Fjaran og leiran vestan við

flugbrautarendann er lítt röskuð með auðugu fuglalífi árið um kring. Landfylling fyrir vestan flugbrautina er ekki hluti af þessari framkvæmd sem hér er kynnt. Eðlilegast væri að fjalla um landfyllingu vestan við flugvöllinn sem hluta af framkvæmd við Fossvogbrúna enda þær tengdar samkvæmt fyrirbyggjandi skipulagshugmyndum um aukna íbúabyggð í Skerjafirði. Að mati Náttúrufræðistofnunar er landfylling vestan við flugvöllinn óþörf með öllu þegar og ef flugvöllurinn verður lagður niður. Landfylling þar mun raska (eyða) núverandi lífríki fjörunnar og þar með búsvæðum fugla og þannig vera í andstöðu við skipulag sem á að taka mið af sjálfbærri þróun og þar með vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Það er sífellt verið að ganga á fjörur við höfuðborgarsvæðið. Í tilkynningunni er ágætlega farið yfir verndarmarkmið/verndargildi á svæðinu, bls. 10, og einnig útivistargildi þess. Að mati Náttúrufræðistofnunar á að falla frá hugmyndum um landfyllingu vestan við flugbrautina og leysa skipulagsmál þar með öðrum hætti.

Lengd brúarinnar verður 270 metrar (brúarhafið) og landfyllingar um 0,74 ha. Í skýrslunni, bls. 26, kemur fram að full vatnsskipti verði tryggð í voginum og breytingar á straumum og áhrif á setflutning og botngerð verði óveruleg og að brúin eigi því ekki að hafa áhrif á leirusvæði innar í voginum. Einnig kemur fram að líklegt er að klóþang muni vaxa upp á nýjum landfyllingum en það fer m.a. eftir halla landfyllinganna hversu stórt búsvæði skapast í stað þess sem tapast.

Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun telur með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og mótvægisáðgerðum þ.e. í þessu tilfelli t.d. gerð brúarinnar. Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar og miðað við staðsetningu og umfang framkvæmdarinnar og útfærslu brúarinnar telur Náttúrufræðistofnun ekki líklegt að hún valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum á náttúrufarsþætti s.s. lífríki og jarðminjar á svæðinu. Töluverð áhrif verða á landslag. Fyrirhuguð framkvæmd er hluti af stærra verkefni/skipulagi en ætlunin er að tengja brúna til vesturs um Skerjafjörð. Þær fyllingar munu að öllum líkindum raska fjörum með hátt náttúruverndargildi. Það er því skoðun Náttúrufræðistofnunar að faglegra væri að meta heildaráhrif framkvæmda á þessu svæði en áhrif einstakra afmarkaðra þátta.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Bréf

Landfylling og brú yfir Fossvog - beiðni um umsögn

Málsnúmer: 2020010037

Númer skjals:

Skráð: 6. janúar 2020

Eigandi skjals: Anna Sveinsdóttir

Auðkenni

Efnisflokkur skjals:

Dagsetning skjals:

Staðsetning skjals:

Fyrirtæki: Skipulagsstofnun

Nafn: Jakob Gunnarsson

Vinnsla

Staða: Lokið

Geymslustaður skjals:

Landfylling og brú yfir Fossvog - beiðni um umsögn

Fylgigögn, 1 skýrsla (hjá TB): Brú yfir Fossvog. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. 17. desember 2019.

<https://drive.google.com/file/d/1M4NsFB9cDN0YxmA48X7igRiu2YOUaBfk/view>

Viðhengi:

[attachment "Landfylling og brú yfir Fossvog - beiðni um umsögn.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]